

Halldór Laxness

ÍSLE3LX05

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á ævi og verk þessa áhrifamikla rithöfundar sem fæddist í byrjun 20. aldar (1902), hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum (1955) og lést undir lok hennar (1998). Eftir hann liggur safn fjölbreytilegra ritverka: skáldsögur, smásögur, ljóð, leikrit, sjálfsævisöguleg skrif, stuttar greinar og lengri ritgerðir um margvísleg efni. Gert er ráð fyrir því að nemendur kynni sér sýnishorn í hverjum þessara flokka, lesi að minnsta kosti eina stóra skáldsögu og vinni fjölbreytt verkefni í ræðu og riti.

Markmið áfangans

Þekkingarmarkmið þar sem nemandi þekkir og skilur:

- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu.
- þau áhrif sem stórir rithöfundar geta haft á samtíð sína og sögu.
- umfjöllunarefni og viðhorf Halldórs Laxness sem höfundar.
- helstu kennileiti í sögu íslenskra bókmennta á 20. öld.
- þróunina í rithöfundarferli Halldórs Laxness.
- helstu bókmenntastefnur í Evrópu á 20. öld.

Leiknimarkmið þar sem nemandi hefur öðlast leikni í að:

- nota fjölbreytilegan orðaforða og blæbrigðaríkt mál í umfjöllun sinni.
- ganga frá texta til birtingar og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.
- koma efni á framfæri á skýran, skipulagðan og vandaðan hátt.
- beita gagnrýninni og skapandi hugsun við úrvinnslu verkefna.

Hæfnimarkmið þar sem nemandi hagnýtir sér þekkingu sína og leikni til að:

- túlka merkingu bókmenntatexta sem liggur ekki á yfirborðinu (undirtexti).
- átta sig á samhenginu í verkum og viðhorfum HKL og geta greint frá því.
- greina þræði í höfundarverki og flétta þá saman í stærri heildir.
- taka virkan þátt í umræðum og tjá rökstudda afstöðu sína.
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta

Tímaáætlun og yfirferð efnis:

- 1. – 3. vika [6. 1. - 22. 1.]. Kennsluáætlun lögð inn. Kvikmyndin ATÓMSTÖÐIN eftir skáldsögu Halldórs Laxness skoðuð af sarpi RÚV (aðeins opin til 12. janúar). Hugleiðing um kvikmyndina í möppu. Að því loknu spurt: Hver var Halldór Laxness? Ævi og verk skáldsins í

stóru samhengi. Reynt verður að draga saman helstu atriðin (meginlínurnar) í ævi hans og verkum, áhugamálum, ferðalögum, umfjöllunarefnum, tímabilum, stefnum og straumum, tísku og tíðaranda. Nemendur hefja leitarnám, velja sér viðfangsefni innan þessa ramma, skoða vefsíður, lesa greinar og bókarkafla, skoða myndir og gera grein fyrir niðurstöðum sínum munnlega og/eða skriflega. Ferð að Gljúfrasteini. Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu. Nemendur byrja að lesa Heimsljós : -)

- 4. – 6. vika [25. 1. - 12. 2.]. Greinaskrif og smásagnagerð HKL. Valdar greinar og smásögur lesnar, greindar og túlkaðar. Fjórar smásögur lesnar og nemendur velja sér grein eftir HKL, skrifa útdrátt og segja frá. Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu.
- 7. – 9. vika [15. 2. - 4. 3.]. Skáldsagnahöfundurinn Halldór Laxness eða skáldið sem rannsakandi. Skáldsögur hans skoðaðar í tengslum við tímabil og viðfangsefni, samskipti hans við þjóðina, heimspeki, trúarbrögð, pólitík, liststefnur, brot á hefðum og venjum, persónusköpun, umhverfi, mál og stíl. Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu.
- 10. – 11. vika [7. 3. - 18. 3.]. HEIMSLJÓÐ. 1. hluti: *Kraftbirtingarhlómur guðdómsins* (auk inngangs eftir Halldór Guðmundsson). Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu.
- 12. – 13. vika [21. 3. - 29. 3.]. PÁSKAFRÍ.
- 13. – 14. vika [30. 3. - 8. 4.]. HEIMSLJÓÐ 2. hluti: *Höll sumarlandsins*. Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu.
- 15. vika [11. 4. - 15. 4.]. HEIMSLJÓÐ 3. hluti: *Hús skáldsins*. Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu.
- 16. vika [18. 4. - 22. 4.]. HEIMSLJÓÐ 4. hluti: *Fegurð himinsins*. Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu.
- 17. – 18. vika [25. 4. - 5. 5.]. Ljóð og leikrit HKL. Lokaverkefni / próf og samantekt, kveðjur.

Kennsluefni / lesefni:

Halldór Guðmundsson. Halldór Laxness – ævisaga.

Kvikmyndin Atómstöðin eftir Þorstein Jónsson.

Valið efni af vef og valið efni af bókasafni.

HEIMSLJÓÐ eftir Halldór Laxness.

Glærur og annað efni á Moodle.

Fræðigreinar af safni og af vef.

Greinar í greinasöfnum.

Ljóð og leikrit í ljósriti.

Smásögur í ljósriti.

Námsmat:

Skýrist þegar líða tekur á önnina. Það tekur fyrst og fremst mið af virkni ykkar og áhuga kennarans. Gert er ráð fyrir fjölbreytilegu námsmati sem nefnt er hér að ofan: Umræður, verkefni, ritun og próf. Smáverkefni í möppu auk lokaverkefnis eða lokaprófs. Ritgerð um valið viðfangsefni verður til skoðunar (grein, ljóð, smásögu, tímabil osfrv). Allir þurfa að skrifa útdrátt úr valinni grein (og segja frá innihaldi hennar í stuttu máli) auk verkefnisins:

- *Ég og Halldór Laxness* sem er **PERSÓNULEG MAPPA** með glósum úr kennslustundum, hugleiðingum ykkar (í tengslum við efni áfangans) sem sýnir sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, hvað þið hafið lært og skilið í áfanganum, hvað þið hafi gert og hvað eftir situr. Hugsunin á bak við þessa skilamöppu er að þið séuð virk í tímum og skrifandi. Óskað er eftir lifandi og skapandi möppu, myndrænni (með textum og myndum) sem lýsir vel summunni af ykkur (hverjun og einu) og Halldóri Laxness : -)

Að lokum - að gefnu tilefni:

Gert er ráð fyrir því að nemendur taki þátt í öllum verkefnum annarinnar og vinni þau jafnt og þétt og taki próf á auglýstum tíma. Um annan próftíma á kennsludögum annarinnar er ekki að ræða. Í kennslu og námsmati er lögð rík áhersla á jafna og stöðuga mætingu nemenda og virkni þeirra í umræðum og verkefnavinnu. *Um dreifnámsmætingu með litlum eða engum verkefnaskilum er ekki að ræða í þessum áfanga.*

Áfangi þessi hefur aldrei verið kenndur áður og er kennsluáætlun þessi sett saman með fyrirvara um breytingar.

Jón Özur Snorrason [5. 1. 2016].